



ADOLPHSBIKARINN

1. Viðurkenningin er í tilefni þess að 40 ár eru liðin frá því Knattspyrnudómarafélag Akraness (KDA) var stofnað.
2. Einn dómara félagsins var Adolph Bergsson, sem dæmdi hjá KFÍA frá 2006 til 2010 og er bikarinn nefndur eftir honum, Adolphsbikarinn. Bikarinn er gefinn af fjölskyldu Adolphs til minningar um hann og var í fyrsta skipti afhentur 2016.
3. Viðurkenninguna skal afhenda þeim dómara KDA sem hefur staðið sig best í dómgæslu hjá 2. - 4. flokki á síðastliðnu ári að mati þjálfara þessara flokka og yfirþjálfara félagsins.
4. Afhenda skal viðurkenninguna á uppskeruhátíð yngri flokka að hausti til varðveislu í eitt ár, ásamt merktum bikar til eignar.
5. Setja skal skjöld með nafni og ártali viðkomandi dómara á fót bikarsins og skrá veitingu viðurkenningar í fundargerðarbók félagsins.

Samþykkt á fundi Uppeldisviðs Knattspyrnufélags ÍA, 8.2.2017.

Lárus Ársælsson, formaður stjórnar Uppeldisviðs KFÍA